

úrskurða um kröfuna, sbr. 35. og 38. gr. laga nr. 3/1878. Ber því með vísan til 68. gr., sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndu hafa ekki hreyft athugasemdum við rekstri málsins fyrir bæjarþinginu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdáðum.

Málskostnaður fellur niður.

Priðjudaginn 16. júní 1959.

Nr. 90/1959. **Helga G. Sveinsdóttir**

gegn

**borgardómaranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 11. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávisunardóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 5. maí þ. á., í málinu: Eli Auðunsson gegn Ólafi Jónssyni og Helgu G. Sveinsdóttur. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávisunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðilja málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Jafnframt því, að sóknaraðili kærði framangreindan dóm til Hæstaréttar, var hann einnig kærður f. h. Ólafs Jónssonar. Sú kæra stafaði af vangá, og kemur hún því ekki til álita.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur í málinu.

Stefndi í héraði hefur samkvæmt framanskráðu einn kært framangreindan frávisunardóm til breytingar og beint kæru sinni og kröfum að héraðsdómara einum. Slikt málskot hefur ekki stoð í lögum, og ber því að visa kærumáli þessu frá dómi.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja verður ekki tekin til greina.

### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1959.

Mál þetta hefur Elí Auðunsson húsasmiður, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 21. nóvember 1958, á hendur Ólafi Jónssyni, Víðimel 51, og Helgu G. Sveinsdóttur, Bústaðavegi 67, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum á kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 5. september 1958 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans. Til vara er málið höfðað á hendur Ólafi Jónssyni til greiðslu framangreindra fjárhæða.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt vixli, samþykktum af stefnda Ólafi til greiðslu 5. september 1958 og tryggðum með 2. veðrétti í húseign stefndu að Bústaðavegi 67.

Stefndu í máli þessu gengu í hjónaband á árinu 1951. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 6. júní 1958 var þeim veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Jafnframt var félagsbú þeirra tekið til opinberra skipta og gefin út innköllun til skuldheimtumannanna þess. Var kröfu stefnanda lýst í búið, en mótmælt af hálfu stefndu Helgu sem búinu óviðkomandi. Hefur stefnandi höfðað málið fyrir bæjarþinginu til að fá viðurkenningu á skuldinni á hendur stefndu in solidum.

Af hálfu stefnda Ólafs hefur kröfum stefnanda ekki verið mótmælt. Stefnda Helga hefur hins vegar *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara* krefst hún sýknu. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda. Aðalkröfu sína reisir stefnda Helga á því, að skuld sú, sem stefnt er fyrir, sé ekki vixilskuld, þar sem útgefanda vanti á skjalið. Sýknukröfu sína byggir hún á þeim rökum, að skuldin sé sér og búinu óviðkomandi.

Eins og fram er komið, var bú stefndu tekið til opinberra

skipta, og var kröfu stefnanda lýst í búið. Í málinu hefur eigi annað verið upplýst en krafan bíði úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur, enda verður að telja, að skiptaréttinum beri að úrskurða um kröfuna, sbr. 35. og 38. gr. laga nr. 3/1878. Ber því með vísan til 68. gr., sbr. 3. mgr. 104. gr. laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Eftir þessum úrslitum og með tilliti til þess, að stefndu hafa ekki hreyft athugasemdum við rekstri málsins fyrir bæjarþinginu, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdáðum.

Málskostnaður fellur niður.

---

Þriðjudagur 16. júní 1959.

Nr. 5/1959. **Bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs**  
(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

**Jóni Kristjánssyni** (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skattamál. Búfjársala, sem var ekki þáttur í atvinnurekstri, undanþegin tekjuskatti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1959. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að kveðið verði á um lögtak hjá stefnda fyrir kr. 2.431,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar, og svo, að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.